

Vox Populi

Kórstjóri: Hilmar Örn Agnarsson

Gjaldkeri: Elísabet Jean Skúladóttir

Formaður/Ritari: Rannveig Iðunn Ásgeirsdóttir

Meðstjórnendur: Sigurður Vignir Jóhannsson og Marteinn Snævarr Sigurðsson

Haust 2017

- Kórmeðlimir voru 24 talsins.
- Sungum í 18 messum; 14 í kirkjuselinu, 3 í kirkjunni og aðventukvöld.
- 12. ágúst sungum við í brúðkaupi Hildar (kórmeðlimar) og Kella í Lágafellskirkju.
- Erasmus verkefnið okkar með kórum frá Póllandi og Barcelona (Katalóníu) hélt áfram og komu kórarnir til Íslands 26. sept og voru hjá okkur til 4. okt. Við gistum fyrst í Skálholti þar sem við æfðum saman, kynntumst betur og fræddum þau um Ísland og íslenska tónlistarmenningu. Við sungum í Menntarskólanum við Laugarvatn, Grunnskóla Bláskógarbyggðar og á Friðheimum. Dvölin okkar í Skálholti endaði með tónleikum í Skálholtskirkju föstudagskvöldið 29. sept. Á laugardeginum keyrðum við í bæinn þar sem kórarnir gistu á Oddson hosteli. Á sunnudeginum söng pólski kórinn við pólska messu í Landakotskirkju en Vöxið og Katalónski kórinn sungu við messu í kirkjuselinu. Eftir messu fórum við í heimsókn á Bessastaði til forsetans þar sem hann bauð okkur hjartanlega velkomin. Sr. Guðrún og Sr. Arna Ýrr komu með okkur í heimsóknina og gaf Sr. Guðrún hr. Guðna Th. gjöf fyrir hönd Grafarvogskirkju. Kórarnir sungu í sitthvoru lagi og allir saman, að lokum var okkur boðið upp á hressingu og spjall. 2. okt héldu kórarnir tónleika í Grafarvogskirkju og endaði svo Íslandsheimsóknin með litlum tónleikum í Hörpuhorninu þriðjudaginn 3. okt þar sem við vorum með live á facebook síðunni okkar. Nú er boltinn hjá Katalónunum en þau vonast til að geta fengið styrk frá Erasmus næst til að bjóða okkur og pólska kórnum til Barcelona.
- Sunnudaginn 15. okt söng Guðrún Árný með okkur í selmessu.
- Við endurtókum vortónleikana okkar 28. okt og kölluðum þá HaustVox. Þar komu meðlimir kórsins fram og tóku sóló, dúetta og tríó ásamt því að taka góð kórlög saman. Pálmi Sigurhjártason, Gunni Hrafns og Helge danski spiluðu með okkur.
- 9. nóv sungum við á Bugl tónleikunum í Grafarvogskirkju. Við tókum nokkur lög sjálf og sungum svo með Guðrúnu Árnýju.
- 22. nóvember sungum við á tónleikum í Grensáskirkju á vegum Kvennakórs Kópavogs.
- Sungum á aðventukvöldinu í Grafarvogskirkju.
- Margrét Eir söng einsöng í hátíðarmessu á aðfangadag.
- Sungum í útvarpsmessu í Grafarvogskirkju með stúlkna og barnakór Grafarvogskirkju. Björg Brjáns spilaði á þverflautu, Gunni Hrafns á kontrabassa og Flemming á harmonikku.

Vor 2018

- Kórmeðlimir voru 23 talsins.
- Sungum í 15 messum: 13 í kirkjuselinu og 2 fermingamessum í kirkjunni.
- 15. feb fórum við til Hveragerðis á Heilsuhælið og sungum nokkur lög á kvöldvöku.
- 17. febrúar sungum við á fögnuði hjá Frímúrum í Frímúraheimilinu. Við sungum einnig með Ásgeiri Páli og Sigurði Pálmasyni.
- 24. febrúar hélt Svavar Knútur upp á afmælið sitt með því að halda tónleika með vinum sínum. En vinir hans sungu ábreiður af uppáhaldslögnum sínum eftir Svavar. Við sungum lagið Undir birkitré og með Rögggu Gröndal í Ölduslóð.
- 7. mars tókum við þátt í styrktartónleikum í Grensáskirkju sem eru kallaðir „Gamlinginn“. En þeir eru til að styrkja eldri borgara svo þeir eigi möguleika á því að fara í sumardvöl í Löngumýri í Skagafirðinum.
- Helgina 16. – 18. mars héldum við árshátíð kórsins í Myrkholti. Dvölin í Myrkholti var aðalega til að slaka á og hrista hópinn betur saman.
- Á páskadag söng Björg Þórhalls með okkur í selmessu.
- 8. apríl vorum við með frábæra gleðigospelmessu, Áslaug Hálfánardóttir söng með okkur, Stebbi (Stefán Birkisson) spilaði undir á píanó, Andri yngri á trommur, Andri Freyr á gítar og Hilmar Örn á bassa.
- 22. apríl var KK með okkur í selmessu.
- 29. apríl vorum við með örtónleika fyrir selmessu. Þar stigu fram meðlimir kórsins og sungu sóló og tríó. Einnig söng kórinn saman nokkur kórlög. Í framhaldi af örtónleikunum sungum við í selmessu þar sem við sungum óskasálmana okkar. Eftir messu héldum við upp á Akranes þar sem við héldum óformlega tónleika í Akranesvita. Einnig komum við á Dvalar og hjúkrunarheimilinu Höfða og sungum nokkur lög þar.

Voxið hefur brallað margt saman á þessu kórari. Erasmus verkefnið tók nokkuð á kórinn enda var mikil vinna við að bjóða kórunum til Íslands og skipuleggja heimsóknina frá A til Ö. Við þroskuðumst mikið og lærðum að vinna enn betur saman við að leysa ýmis verkefni.

Í september verða 10 ár frá stofnun kórsins og munum við gera ýmislegt skemmtilegt í tilefni stórafmælisins.

Takk fyrir frábært kórár – hlökkum til áframhaldandi samstarfs!

Fyrir hönd Vox Populi,
Rannveig Iðunn